

Fundargerð 45. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar 08.apríl 2010, kl. 12.00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm. framkvæmdastjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.
Borinn upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Háskólavellir
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn málefni tengd Háskólavöllum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram í málinu.
3. Sjúkrahús
Framgangur verkefnis var kynntur fyrir stjórn.
Stjórn var upplýst um efni fyrsta stjórnarfundar Seltúns sem haldinn var þann 8.apríl 2010 kl. 11.00. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að verkefninu í samræmi við fyrri ákvarðanir.
4. Viðhald fasteigna í umsýslu ÞK
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn mál tillögu að uppsetningu á reglubundnu viðhaldi fasteigna í umsýslu ÞK. Tillagan gengur út á að ráða 2 iðnaðarmenn til að sinna viðhaldseftirliti og óska eftir tilboðum í uppsetningu öryggiskerfa. Stjórn samþykkir tillöguna og felur framkvæmdastjóra að vinna málið.
5. Önnur mál
Keilir.
Farið var yfir erindi Keilis er borist hefur ÞK. Keilir óskar eftir greiðslufresti á kaupsamningsgreiðslum til þriggja ára gangvart greiðslu vaxta. Stjórn samþykkir erindið. Stjórn samþykkir 50 milljóna króna styrk til Keilis til aðstöðuuppbyggingar fyrir kennslu, m.a. á Háskólabrú. Styrkurinn er settur fram sem stuðningur við það fólk sem sækir þar nám í því skyni að öðlast ný tækifæri eftir brotthvarf varnarliðsins fyrir um þremur árum.
6. Næsti fundur
Næsti fundur er áætlaður þriðja fimmtudag í maí, þann 20.maí nk.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Páll Sigurjónsson
Anna Steinunn Jónasdóttir